

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 136/80
komudagur 14.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

13. nóvember 2008
Tilvísun: 2008100134


Umsögn um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun, 4. mál, Heildarlög

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 23. október 2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun, 4. mál, Heildarlög. Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót Efnahagsstofnun sem starfi á vegum Alþingis. Stofnunin skuli fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknnum, vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis og sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum, fag- og fræðastofnunum og öðrum aðilum til aðstoðar eftir því sem efni standa til.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og telur ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til efnis hennar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Lilja Rut Kristófersdóttir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. P 136/81
komudagur 14.11.2008

13. nóvember 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsógn um Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun

Frumvarpinu svipar mjög til þeirra laga sem giltu um Þjóðhagsstofnun sem lögð var niður á árinu 2002. Helstu rök sem notuð voru fyrir niðurlagningu þeirrar stofnunar var að fjármálaráðuneytið og greiningardeildir bankanna gætu tekið við starfseminni.

Nú hafa greiningardeildir bankanna verið lagðar niður eða verulega dregið úr starfsemi þeirra. Þá hefur fjármálaráðuneytið ekki náð að setja efnahagsrannsóknir í þann forgang sem nauðsynlegur er, auk þess sem spár þeirra hafa ekki þótt hlutlausar. Það er því nauðsynlegra en áður að hér á landi starfi öflug, hlutlaus stofnun sem sinni almennum rannsóknum á efnahagssviði. Í erfiðu árferði er hlutverkið enn stærra, enda nauðsynlegt fyrir góða efnahagsstjórn á næstu árum að hafa vandaðar rannsóknir að byggja á.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin starfi á vegum Alþingis. Sú skipan myndi tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, en þó tel ég rétt að setja yfir hana stjórn sem hafi yfirsýn yfir starfsemi stofnunarinnar. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður var gerð þjóðhagsreikninga færð undir Hagstofuna. Skoða verður sérstaklega hagkvæmni þess ef færa á þessa starfsemi undir Efnahagsstofnun eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.


Í ákvæði til bráðabirgða er rætt um að setja á stofn þjóðhagsráð sem starfi til ársloka 2010. Tillaga þessi er um margt lík tillögu sem kemur fram í Tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð. Það er alltaf nauðsynlegt að samskipti á milli ráðamanna og helstu hagsmunasamtaka séu greið og aldrei sem nú. Hins vegar ég að slíkt ráð ætti fyrst og fremst að nota sem samráðsvettvang og leið til að koma mismunandi sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld.

Katrín Ólafsdóttir, lektor
Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími/Tel: (+354) 599 6200
Fax: (+354) 599 6201
www.hr.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/173
komudagur 21.11. 2008

Alþingi
bt. efnahags- og skattanefndar
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 19. nóvember 2008
Tilvísun: 2008100713 SJ/-

Efni: Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun (mál nr. 4, 136. löggjafarþing)

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. október sl., þar sem nefndin leitar umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun.

Í 3. og 6. gr. er fjallað um meðferð gagna. Í 3. gr. er gert ráð fyrir heimild Efnahagsstofnunar til að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um **gögn og upplýsingar** sem stofnunin þarf. Af þessu tilefni er tekið fram að standi vilji til þess að heimila stofnuninni söfunun **persónuupplýsinga** þarf að mæla fyrir um það með skýrum hætti og ótvíræðum. Ekki nægir svo almennt ákvæði sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst


Sigrún Jóhannesdóttir



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/93
komudagur 17.11.2008

Dagsetning

17. nóvember 2008

Tilvísun

A-8
LÖ/bb

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun, 4. mál, heildarlög. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun Efnahagsstofnunar sem vera skal óháð stofnun sem heyrir undir Alþingi. Hlutverk hennar yrði að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna við hagrannsóknir og útgáfu þjóðhagsspár og –áætlana. Þá skal stofnunin vera Alþingi, ríkisstjórn, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og fag- og fræðastofnunum til ráðgjafar og aðstoðar um efnahags- og þjóðhagsmál.

Með vísan til stöðu Ríkisendurskoðunar að lögum þykir stofnuninni hvorki rétt né eðlilegt að taka formlega afstöðu til ofangreinds frumvarps.

Sveinn Aram

Ólafur Örn

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2008 02-2008100468
T-ums 27/08

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun - 4. mál -
Heildarlög.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 24. október 2008 móttengið bréf yðar dagsett 23. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga Efnahagsstofnun - 4. mál, þskj. 4.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót óháð stofnun, Efnahagsstofnun, sem heyri undir Alþingi. Stofnuninni er ætlað að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknnum og útgáfu þjóðhagsspáa og -áætlana. Þá er stofnuninni ætlað að veita Alþingi, ríkisstjórn, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og fleirum ráðgjöfum um efnahags- og þjóðhagsmál.

Að mati ríkisskattstjóra setja frumvarpshöfundar fram metnaðarfullar og vel rökstuddar tillögur með áhugaverðum sjónarmiðum. Ef frumvarpið yrði að lögum myndi slíkt óneitanlega kalla á náð samstarf með ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri telur að ekkert standi í vegi fyrir því að slíkt samstarf gæti átt sér stað.

Tillögurnar eru í eðli sínu stjórnkerfisbreyting sem fellur utan við verk- og valdsvið ríkisskattstjóra að fjalla um. Er því að mati ríkisskattstjóra ekki rétt að gera frekari athugasemdir við tillögurnar eins og þær liggja fyrir í tilvitnuðu frumvarpi. .

Virðingarfyllst


Skúli Eggertsson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 136/33
komudagur 7.11.2008

5. nóvember 2008
SI-45392

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 23. október 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Efnahagsstofnun, 4. mál, heildarlög.

Í frumvarpinu er lagt til að Þjóðhagsstofnun verði endurvakin undir öðru nafni, heyri undir Alþingi í stað forsætisráðuneytis en hafi að öðru leyti nánast sama hlutverk. M.a. verður ekki annað skilið á frumvarpinu en að flytja eigi gerð og umsjá þjóðhagsreikninga til hinnar nýju stofnunar.

Seðlabankinn er opinber greiningarstofnun og telur sér óhægt um vik að taka afstöðu til þess hvort fjölga eigi eða fækka stofnunum sem starfa á sama sviði.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun (4. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér stofnun Efnahagsstofnunar.

Í grunninn er Viðskiptaráð sammála því að heildstæð og aðgengileg upplýsingagjöf um efnahagsmál stuðli að markvissri og skilvirkri hagstjórn. Þrátt fyrir það verður að líta til þess að ekki eru allir á eitt sammála um hvert skuli stefna í efnahagsmálum, hvort sem um er að ræða sérfræðinga á því sviði eða ekki. Ef verkefni Efnahagsstofnunar eru skoðuð í frumvarpinu er ljóst að þau spanna nær alla þætti efnahagsmála, bæði þá er varða frumvinnslu gagna og þá sem snúa að því að miðlun þeirra. Af frumvarpinu er jafnframt ljóst að taka á forræði annarra opinberra stofnanna á sambærilegum verkefnum til endurskoðunar.

Viðskiptaráð telur „einokun“ af þessu tagi á upplýsinga- og ráðgjafamarkaði um efnahagsmál afar varasama. Það sem skiptir markvissa og skilvirka hagstjórn mestu eru upplýsingar úr ýmsum áttum sem útbúnar eru af trúverðugum sérfræðingum á sviði efnahagsmála sem eru algerlega óháðir pólitískum hagsmunum. Aðeins með því að vega og meta álit nokkurra sérfræðinga á sviði efnahagsmála er unnt að taka upplýstar og vonandi áhrifaríkar ákvarðanir á sviði hagstjórnar. Hvað það varðar er mun skynsamlegra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði (sjá 5. þingmál) alfarið skipað óháðum sérfræðingum á sviði efnahagsmála, innlendra jafnt sem erlendra, sem nýtur fulltingis Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins, Hagstofnunar og ráðuneyta hvað varðar veitingu upplýsinga og almennrar aðstoðar. Því miður er fátt sem bendir til þess að Efnahagsstofnun sem heyrir undir Alþingi verði óháðari í störfum sínum en þær stofnanir sem nú sinna þessum verkefnum. Ráð af þessu tagi ætti því sjálft að skipta með sér verkefnum og skipa sér formann.

Að auki við framangreint er óforsvaranlegt að ætla að auka útgjöld hins opinbera með nýrri ríkisstofnun, sérstaklega á þeim tímum þar sem kreppir verulega að og verðbólga er í hæstu hæðum. Það á að vera höfuðmarkmið hins opinbera að draga úr verðbólgu eins hratt og unnt er. Niðurskurður opinberra útgjalda er skilvirkasta leiðin til þess. Í tillögunni felst ekki að draga eigi úr umsvifum annarra stofnanna á þessu sviði, þó vissulega sé lagt til að verkefni Hagstofunnar verði endurskoðuð. Eins og sagan sýnir, og tillagan fjallar um, þá dragast opinber útgjöld sjaldnast saman við niðurlagningu ríkisstofnanna. Sagan sýnir einnig að þau aukast nær alltaf við stofnun nýrrar ríkisstofnunar.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs